



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

Fréttabréf 3

Nóvember 2022



SUPPORTING, MOBILIZING & EMPOWERING
CREATIVE AND CULTURAL INDUSTRY
ENTREPRENEURS AND EDUCATORS
TOWARDS SOCIAL CHANGE

Nýjustu fréttir af CENTAUR verkefninu

CENTAUR er tveggja ára Erasmus+ verkefni Evrópusambandsins með áherslu á að styðja við, hvetja og efla frumkvöðla, listamenn og leiðbeinendur í skapandi greinum í fullorðinsfræðslu og kynna leiðir listamanna til að takast á við samfélagsbreytingar. Listaháskólinn er samstarfsaðili í verkefni og Björg Jóna Birgisdóttir leiðir verkefnið fyrir hönd Listaháskólans.

Samstarfsfundur CENTAUR

Samstarfsfundur CENTAUR verkefnisins fór fram í byrjun nóvember í hinni fallegu borg München í Þýskalandi. Samstarfshópurinn hittist þar augliti til auglitis í fyrsta skipti en verkefnið hefur nú staðið yfir í 18 mánuði og eingöngu fjarfundir verið í boði. Samstarfsaðilarnir frá DUALE HOCHSCHULE BADEN-WURTEMBERG tóku á móti hópnum og skipulögðu frábæran fund þar sem tækifæri gafst til að ræða framvindu verkefnisins, leggja mat á þann árangur sem þegar hefur náðst og skipuleggja lokaskrefin. Framundan er uppskerutími þegar afurðir verkefnisins verða kynntar á lokafundi og ráðstefnu í Apenu, Grikklandi, 20.-21. febrúar 2023.



Framvinda verkefnisins

Framvinda CENTAUR verkefnisins gengur vel og fylgir upphaflegri tímaáætlun. Samstarfsaðilarnir einbeita sér að lokafrágangi afurða sem nú eru í prófun. Afurðirnar eru: Æfingasafn með æfingum frá listamönnum til að styrkja einstaklinga sem eru og hafa verið að takast á við erfiðar samfélagsaðstæður,



Sjálfsmatsspurningalisti til að kanna styrkleika einstaklinga og Handbók fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu sem verður aðgengileg á vefsíðu verkefnisins og er gert ráð fyrir að hún geti nýst vel við notkun afurðanna og til að miðla áreiðanlegri þekkingu og reynslu listamanna. Verið er að þróa vefsvæði fyrir afurðirnar og á þessum tímamarki er vefsvæðið uppfært jafnóðum og prófunum lýkur. Vefsvæðið verður fljótlega aðgengilegt á heimasíðunni fyrir þá sem hafa áhuga.



Sjálfsmatsspurningalisti - SMS spurningar

SMS er ein afurð verkefnisins og er spurningalisti sem hefur það meginmarkmið að hjálpa einstaklingum að finna þær æfingar sem henta best þeirra þörfum. Leitast var við þróa spurningalista þar sem spurt er spurninga sem tengjast hæfni- og færniþáttum allra þeirra fjölbreyttu æfinga sem eru í æfingasafni verkefnisins. Það sem er heillandi við æfingar er annars vegar gnægð mismunandi æfinga og hins vegar að sérstaða listamannsins endurspeglast í hverri æfingu.

Æfingasafn

Nú er verið að leggja lokahönd á að safna saman æfingum og aðferðum frá listamönnum, meta þær og þýða á tungumál samstarfsaðilanna, (það er BLICKPUNKT, DHBW, LHÍ og WISEFOUR.) Matshópar sérfræðinga frá Austurríki, Grikklandi, Íslandi og Þýskalandi, hafa lagt mat á æfingarnar. Það voru 84% sem voru algerlega sammála um að finnast æfingarnar bæði áhugaverðar og gagnlegar og 14% voru frekar sammála því að aðferðirnar væru áhugaverðar og gagnlegar. Því má telja að þessar niðurstöður lýsi mjög góðum árangri á vali æfinga listamannanna.

Samhliða þróun og söfnun æfinganna hefur vefsvæði sem mun innihalda æfingarnar og aðrar afurðir verið í hönnun og þróun.

CENTAUR sjallsíma app fyrir æfingarnar

CENTAUR notendur munu geta hlaðið niður Centaur snjallsíma appi þar sem þeir geta fundið þær æfingar sem byggja á sjálfsnámi, það er æfingar sem notandi getur farið í gegnum án nokkurrar leiðbeiningar frá kennara eða leiðbeinanda. Avatar mun leiðbeina notandanum að velja nokkrar af tiltækum æfingum.



Kynningarmál - Þýskaland

Lögð er áhersla á að kynna verkefnið í löndum samstarfsaðilanna og í þessu fréttabréfi er sagt frá kynningarmálum Þýska samstarfsaðilans. Þeir kynntu verkefnið nýlega á alþjóðlegri ráðstefnu World Psychiatric Association á Möltu. Einnig var Malta National Centre for Creativity heimsótt, þar sem listamönnum er boðið að hitta fulloröna í sviðslistum og öðrum listum í vinnustofum, viðburðum og sýningum. Jafnframt er verið að undirbúið kynningar fyrir svipaðar ráðstefnur í Berlín og Vín á næstunni. Ennfremur var verkefnið kynnt á vinnustofu um flóttamannahjálpi í Vín og á fundum með fjölmörgum flóttalistamönnum og sem hluti af vinnustofum „Persecuted Women's international organisation“. Verið er að þýða hluta afurðanna á arabísku til að auðvelda farandfólki og flóttamönnum aðgang að efni verkefnisins.



MYND: Nemendur í Myndlistaskólanum í Reykjavík á kynningu CENTAUR verkefnisins

PROJECT NUMBER - 2020-1-DE02-KA227-ADU-008268
"The European Commission's support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents, which reflect the views only of the authors, and the Commission cannot be

held responsible for any use which may be made of the information contained therein."